

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Akureyrarbæ.

I. KAFLI Gildissvið.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Akureyrarbæjar. Hana ber að túlka með hliðsjón af gildandi lögum og reglum hverju sinni, s.s. almennum hegningarlögum, skipulagslögum, lögum um mannvirki, umferðarlögum o.s.frv.

II. KAFLI

Um reglu, velsæmi og almennt öryggi á almannafæri.

2. gr.

Með almannafæri er í samþykkt þessari átt við götur, vegi, torg, gangstéttar, gangstíga, svæði ætluð til almenningsnota og staði sem opnir eru almenningi, svo sem kvikmyndahús, leikhús, samkomuhús, söfn, veitingastaði, verslanir, leiktækjastaði, bifreiðastöðvar, biðskýli og söluturna.

Með leiktækjastað er átt við stað þar sem aðgangur er veittur að leiktækjum, spilakössum, knattborðum, tölvum o.þ.h., gegn gjaldi.

3. gr.

Uppþot, áflog, óspektir eða önnur háttsemi sem raskar allsherjarreglu má ekki eiga sér stað á almannafæri og ekki mega menn þyrpast þar saman ef það tálmar umferð eða veldur vegfarendum óþægindum.

Enginn má áreita aðra á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega háttsemi.

4. gr.

Bannað er að hafast nokkuð að sem veldur ónæði eða raskar næturró manna. Á virkum dögum skal halda næturró frá kl. 24.00 til 07.00. Um helgar og á helgidögum skal halda næturró frá kl. 24.00 til kl. 08.00. Röskun á næturró í almannapágu, s.s. vegna snjómoksturs á vegum Akureyrarbæjar, er heimil frá kl. 05.00 og vegna sorphreinsunar frá kl. 06.00. Undanþágu frá reglu þessari veitir Akureyrarbær vegna tímabundinnar starfsemi sem telst í almannapágu. Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra metur grenndaráhrif veitingahúsa í flokki III og annarrar atvinnustarfsemi, m.t.t. hljóðvistar.

Lögreglustjóri getur bannað notkun hátalara, hljómflutningstækja, hljóðfæra eða annars þess háttar á eða við almannafæri ef ástæða er til að ætla að hún valdi verulegu ónæði eða truflun.

Akureyrarbær getur bannað neyslu áfengis á almannafæri á tilteknum tíma á tilteknum svæðum í þéttbýli. Slíka samþykkt skal tilkynna lögreglustjóra og birta almenningi.

5. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri svo sem í eða við biðstöðvar almenningsvagna og leigubifreiða, miðasölur, banka, veitingastaði, verslanir eða aðra afgreiðslustaði, skal mynda röð þannig að þeir sem fyrstir koma fái fyrstir afgreiðslu.

6. gr.

Hver sá sem staddur er á almannafæri er skyldur til að segja til nafns síns, kennitölu og heimilis þegar lögreglan krefst þess.

Skylt er að hlýða fyrirmælum sem lögreglan gefur s.s. vegna umferðarstjórnar eða til þess að halda uppi reglu á almannafæri.

7. gr.

Lögreglan getur vísað þeim mönnum í burtu af almannafæri sem með háttsemi sinni valda vegfarendum eða íbúum í nágrenninu ónæði.

Sama á við um þá sem valda óspektum, hættu eða hneykslan á almannafæri sökum ölvunar eða af öðrum ástæðum.

8. gr.

Meðferð vatns við hvers konar þrif utandyra er óheimil nema í frostlausu veðri ef það veldur rennsli á gangstétt, gangstíg eða götu þannig að valdi hættu eða óþægindum.

Í frárennislagnir, götubrunna og göturæsi má ekki hella mengandi efnum svo sem spilliefnum eða efnum sem valdið geta mengun eða skemmdum í holræsakerfinu.

Eiganda eða umráðamanni húss er skylt að fjarlægja af húsi sínu snjó og grýlukerti sem fallið geta niður og valdið hættu fyrir vegfarendur.

9. gr.

Öllum ber að gæta þess að ganga vel um á almannafæri og skemma þar ekki hluti sem ætlaðir eru til almenningsnota eða þrýði. Þetta á einnig við þá hluta af húsum og öðrum mannvirkjum sem liggja að almannafæri.

Á mannvirki og hluti má ekki mála, teikna eða festa auglýsingar nema með leyfi eiganda eða umráðamanns.

Óheimilt er að reisa auglýsingaskilti á almannafæri nema með leyfi Akureyrarbæjar. Akureyrarbær skal tilkynna lögreglustjóra um slík leyfi. Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum, og hreinsa vel staðinn þar sem þær voru hafðar. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður eða gera ólæsilegar á annan hátt. Að öðru leyti gildir samþykkt um skilti og auglýsingar í lögsögu Akureyrarkaupstaðar frá 6. júní 2011 með síðari breytingum.

10. gr.

Akureyrarbær getur sett umgengnisreglur um skemmtigarða, leikvelli, lystigarða, tjarnir, kirkjugarða og önnur opinber svæði, enda séu reglurnar festar upp við innganginn eða á öðrum áberandi stað.

Hvorki má troða niður ræktaða bletti, grasreiti, blómabeð og limgerði á almannafæri né slíta þar upp blóm eða annan gróður.

Eigi má gista í tjöldum, húsbílum, hjólhýsum, fellihýsum, tjaldvögnum eða öðrum ökutækjum sem útbúin eru til gistingar á almannafæri, s.s. á opnum svæðum eða á bifreiðastæðum innan lögsagnarumdæmis Akureyrarbæjar, utan sérmerktra tjaldsvæða.

11. gr.

Tilkynna skal lögreglustjóra svo fljótt sem verða má um fyrirhugaðar hópgöngur, útifundi, tónleika og aðrar útisamkomur í því skyni að hann geti gert viðeigandi ráðstafanir varðandi stjórnun umferðar.

Lögreglustjóri getur breytt gönguleið eða samkomustað telji hann það nauðsynlegt.

Hægt er að sækja um tímabundna lokun gatna fyrir umferð til sviðsstjóra skipulagssviðs, sbr. samþykkt Akureyrarbæjar um verklagsreglur vegna tímabundinna lokana gatna fyrir umferð vélknúinna ökutækja, frá 7. júní 2016 með síðari breytingum. Leita skal umsagnar lögreglu og slökkviliðs fyrir ákvörðun um lokun gatna.

12. gr.

Meðferð skotvopna á almannafæri er bönnuð nema með sérstakri undanþágu frá lögreglustjóra.

Ekki má á almannafæri ganga með logandi blys, kveikja í bálköstum né halda skoteldasýningar nema með leyfi lögreglustjóra eða sýslumanns, eftir því sem við á, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, Akureyrarbæjar og slökkviliðsstjóra, sbr. reglugerð nr. 414/2017 um skotelda og reglugerð nr. 325/2016 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum.

13. gr.

Enga atvinnu sem tálmar umferð má reka á almannafæri.

Um farandsölu og um sölu á götum, torgum og öðrum stöðum gildir samþykkt Akureyrar-kaupstaðar um götu- og torgsölu frá 5. maí 2015 með síðari breytingum.

14. gr.

Lögreglustjóri getur bannað öllum óviðkomandi, sem ekki eiga brýnt erindi, umferð út í skip, sem liggja í höfn.

15. gr.

Ekki má gera jarðrask, svo sem skurði í gangstéttir, götur eða torg né raska þeim á annan hátt, nema með leyfi Akureyrarbæjar. Skal Akureyrarbær við veitingu leyfis setja skilyrði sem nauðsynleg eru til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og tilkynna leyfisveitingu til lögreglustjóra. Að verki loknu skal leyfishafi færa það í samt lag sem raskað var.

Þegar gerður er skurður í gangstétt skal sá sem verkið vinnur sjá um að tryggja öryggi gangandi vegfarenda og annarra, svo sem með því að sjá fyrir göngubrautum og tryggja að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann, t.d. með ljósum, glitmerkjum o.þ.h. þegar dimmt er. Slík verk skulu unnin þannig að sem minnstur farartálmi verði. Sé nauðsynlegt að loka gangstétt vegna framkvæmda skal hjáleid tryggð og afgirt frá umferð ökutækja innan þéttbýlismarka og annars staðar þar sem umferð er mikil.

Akureyrarbær getur bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti meðan á verki stendur eða skipað fyrir um hvernig umferðinni skuli hagað. Haft skal samráð við Vegagerðina eða lögreglustjóra eftir atvikum. Einnig getur Akureyrarbær ákveðið að skurðir í götur séu byrgðir og uppgröftur fjarlægður þannig að umferð sé óhindruð um göturnar á þeim tíma sem ekki er unnið, svo sem að næturlagi og um helgar. Þá getur Akureyrarbær, ef bærinn telur framkvæmdirnar dragast um of, látið setja í samt lag það sem raskað var, eftir atvikum á kostnað þeirra sem ábyrgð bera á framkvæmd.

Setja skal upp skilti og merkingar til leiðbeiningar fyrir ökumenn vegna framkvæmda sem truflað geta umferð. Sé fyrirjafnanlegt að framkvæmdir muni taka lengri tíma en 7 daga skal setja upp ítarlegri skilti þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmdina, á hvers vegum hún er og hvað hún muni standa lengi.

Þá getur Akureyrarbær beint þeim fyrirmælum til ökumanna og eigenda ökutækja að þeir leggi ekki ökutækjum á tilteknum svæðum svo unnt sé að framkvæma hvers konar nauðsynlegar viðgerðir eða hreinsanir á götum. Tilmælin skulu tilkynnt með rafrænni tilkynningu eða upplýsingaskiltum eða öðrum tryggjum hætti. Sé slíkum tilmælum ekki sinnt getur Akureyrarbær látið flytja ökutæki á brott án frekari viðvörunar svo viðgerð eða hreinsun geti farið fram. Tilkynna skal eiganda ökutækis og lögreglu um brottflutninginn og hvar má vitja ökutækisins sé það ekki flutt aftur á sama stað eftir að viðgerð eða hreinsun lýkur.

16. gr.

Húseigendum eða umráðamönnum húseigna er skylt að hlíta fyrirmælum Akureyrarbæjar um frágang girðinga o.þ.h. sem liggja að almannafæri. Einnig skal húsráðendum skylt að snyrta allan gróður, þ.m.t. trjágróður sem liggur að götum, gangstéttum og gangstígum, þannig að umferð vegfarenda sé óhindruð. Við gangstéttar, stíga og hjólreiðabrautir skulu neðstu greinar trjáa og runna ekki slúta meira en 2,25 m frá yfirborði en við götur skulu neðstu greinar trjáa og runna ekki slúta meira en 4,50 m frá yfirborði gatna. Hlíti húseigandi eða lóðarhafi ekki fyrirmælum Akureyrarbæjar um frágang samkvæmt þessari grein er heimilt að láta vinna verkið á hans kostnað enda sé honum tilkynnt um það með hæfilegum fyrirvara.

Húsráðendur skulu sjá til þess að allt lauslegt á lóð sé tryggilega fest ef von er á hvassviðri.

Þegar hús eða annað mannvirki brennur eða það flutt brott, án þess að annað sé byggt í staðinn, er eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu að ekki stafi af því hætta, óþrifnaður eða óþrýði. Sama gildir um hús sem standa yfirgefin.

Þegar hús er byggt, rífið, endurbyggt eða flutt er eiganda og/eða verktaka skylt að haga sér eftir þeim fyrirmælum sem Akureyrarbær gefur til að forðast farartálma, hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur og skal hann setja upp skilti til leiðbeiningar eftir því sem við á. Við flutning húsa skal eigandi og/eða verktaki kalla til lögreglu eftir því sem umferðarlög kveða á um.

Girðingar sem hafa verið reistar vegna mannvirkjagerðar skal fjarlægja þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Um öryggi á vinnusvæðum við almannaferi gilda ákvæði laga um mannvirki auk reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og ákvæði laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ásamt reglum settum á grundvelli þeirra.

17. gr.

Enginn má án leyfis húsráðanda láta fyrir berast á lóðum hans eða landi. Auk þess getur lögreglan bannað mönnum að hafast þar við ef hún telur að það geti valdið óþægindum eða hættu.

Ekki má fara í híbýli manna í söluerindum ef húsráðandi leggur við því bann.

18. gr.

Enginn má fleygja rusli eða öðru þess háttar á almannaferi nema í þar til gerð ílát. Enginn má fleygja rusli eða öðru þess háttar á lóð eða land annars manns.

Hver sem það gerir skal flytja óhreinindin tafarlaust í burt á sinn kostnað.

Ekki má ganga örna sinna eða kasta af sér þvagi á almannaferi eða á lóð eða land eða híbýli annars manns. Hver sem það gerir skal hreinsa upp eftir sig.

III. KAFLI

Um ökutæki, umferð o.fl.

19. gr.

Á almannaferi má ekki leggja eða geyma eða skilja eftir neitt það sem hindrar umferð.

Á götum má ekki hindra umferð með skemmtunum eða leikjum nema með leyfi Akureyrarbæjar að fenginni umsögn lögreglustjóra.

Bannað er að leggja ökutæki á gangstéttum. Lögreglustjóri getur, að fengnum tillögum Akureyrarbæjar, veitt undanþágu frá ofangreindu.

Vörubifreiðum sem eru 5 tonn að leyfðri heildarþyngd eða meira og fólksflutningabifreiðum sem flytja mega 10 farþega eða fleiri má ekki leggja á götum eða almenningsbifreiðastæðum nema þau séu til þess ætluð. Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar án tillits til þunga þeirra, m.a. í íbúðargötum. Óheimilt er að leggja stórvirkum vinnubifreiðum, vinnuvélum og tækjum í íbúðargötur. Akureyrarbær getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði þar sem undanþága hefur verið veitt.

Lögreglustjóri getur bannað stöðu eftirvagna og tengivagna, s.s. hestaflutningavagna, hjólhýsa, dráttarkerra, báta og þess háttar tækja sem og húsbíla, á götum og almennum bifreiðastæðum sem þykja valda óþægindum, óþrifnaði eða hættu.

20. gr.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra f.h. Akureyrarbæjar er heimilt að fjarlægja skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, tæki, kerrur, vinnuvélar, báta og aðra lausamuni og drasl á kostnað og ábyrgð eiganda að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða eða ábyrgðarbréfi þar sem eiganda/ábyrgðarmanni skal almennt veittur sjö daga frestur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri eða bregðast við tilmælum. Telji heilbrigðisfulltrúi svo alvarlega hættu stafa af geymslu hlutar eða tækis að aðgerð þoli enga bið er heimilt að fjarlægja slíka hluti eða tæki án viðvörunar.

Bíflökum og öðrum verðlausum hlutum er heimilt að farga strax að loknum fresti sem veittur er samkvæmt 1. mgr., enda hafi þá engin andmæli borist.

Skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja og aðrir hlutir og verðmæti sem eru fjarlægð að loknum fresti skulu geymd í vörslu viðkomandi sveitarfélags í 30 daga og síðan fargað hafi eigandi ekki vitjað eigna sinna innan 30 daga og leyst út gegn greiðslu áfallins kostnaðar (svo sem dráttar- og geymslugjöld). Liggi fyrir skráningarmerki, vélarnúmer eða annað sambærilegt skal eiganda tilkynnt um förgunina með tryggilegum hætti með a.m.k. 15 daga fyrirvara, innan 30 daga frestsins. Þá skal viðkomandi sýslumanni og eftir atvikum bifreiðaskrá og veðhöfum (sé um þá kunnugt) gert viðvart um förgunina með a.m.k. 15 daga fyrirvara.

Áfallinn kostnað vegna töku og geymslu skráningarskyldra ökutækja án skráningarmerkja og annarra hluta er heimilt að innheimta hjá eigendum samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum. Heimilt er að selja nýtilega hluti úr bifreiðum og annað nýtilegt sem er tekið í vörslu og ekki leyst út samkvæmt framansögðu til að mæta kostnaði vegna töku og geymslu.

Að öðru leyti gildir samþykkt um umgengni og þrifnað utan húss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra nr. 463/2002 með síðari breytingum.

21. gr.

Vélar kyrrstæðra bifreiða og vinnuvéla sem ekki eru í notkun er óheimilt að hafa í gangi eða skilja eftir í gangi lengur er nauðsynlegt er, svo komast megi hjá mengun og hávaða á almannafæri og annars staðar þar sem ætla má að slíkt valdi óþægindum.

22. gr.

Lögreglustjóri getur að fengnum tillögum Akureyrarbæjar, takmarkað eða bannað umferð stórvirkra vinnuvéla, vörubifreiða eða annarra ökutækja á einstökum götum ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérstakra óþæginda fyrir aðra umferð eða íbúa.

Allur akstur torfærutækja, s.s. vélsleða og torfæruhjóla, er bannaður innan þéttbýlis. Akureyrarbær getur þó heimilað undanþágu frá þessu ákvæði á afmörkuðum svæðum að fenginni umsögn lögreglustjóra.

Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega innan marka fólkvangs í Glerárdal. Heimilt er þó að aka vélknúnum ökutækjum á snævi þakinni og frosinni jörð svo fremi ekki skapist hætta á náttúruspjöllum, sbr. reglugerð um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands, nr. 528/2005, og auglýsingu um fólkvang í Glerárdal, nr. 585/2016. Ferðir á hestum um fólkvanginn eru aðeins leyfðar á stikuðum leiðum sem eru sérstaklega merktar sem göngu- og reiðleiðir. Heimilt er að nota hross við fjármölu. Óheimilt er að fara með rekstur hesta um fólkvanginn.

Innan fólkvangsins Krossanesborga er umferð vélknúinna ökutækja óheimil, þá eru fuglaveiðar og eggjataka og meðferð skotvopna óheimil innan fólkvangsins og lausaganga hunda, sbr. auglýsingu um friðlýsingu Krossanesborga á Akureyri sem fólkvangs, nr. 162/2005.

Óheimilt er að fljúga fjarstýrðu loftfari yfir mannfjölda. Innan þéttbýlis er eingöngu heimilt að fljúga í tómstundaskyni fjarstýrðu loftfari sem vegur að hámarki 3 kg. Ekki skal flogið nær íbúðarhúsnæði eða athafnasvæðum en 50 m nema með heimild frá eiganda, umráðanda eða húsfélagi og ekki innan 150 metra fjarlægðar frá opinberum byggingum, lögreglustöð og fangelsi. Leyfi rekstraraðila Akureyrarflugvallar þarf til þess að fljúga fjarstýrðu loftfari innan umráðasvæðis Akureyrarflugvallar. Að öðru leyti gildir reglugerð nr. 990/2017 um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umferð loftfara (t.d. þyrluflug) sem truflað gæti gesti og dýralíf er óheimil innan fólkvangs í Glerárdal án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar. Undanskilið er hefðbundið aðflug og brottflug frá flugvelli, ásamt leitar- og björgunarflugi skv. auglýsingu um fólkvang í Glerárdal, nr. 585/2016.

Um undanþágu lögreglu, Landhelgisgæslu og annarra viðbragðsaðila almannavarna gildir 14. tl. 12. gr. reglugerðar nr. 990/2017 um starfrækslu fjarstýrðra loftfara með síðari breytingum.

Þyrlulendingar eru óheimilar innan lögsagnarumdæmis Akureyrarbæjar, nema á skilgreindum lendingarsvæðum á Akureyrarflugvelli og við þyrlupall við Sjúkrahúsið á Akureyri. Tímabundnar undanþágur frá ákvæðinu veitir lögreglustjóri. Í öðrum tilvikum skal sækja um leyfi til lendinga í þéttbýli eða í grennd við þéttbýli Akureyrarbæjar til Samgöngustofu.

23. gr.

Á og við götur eða vegi eða þar sem hætta stafar af má ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, hlaupahjólum, hjólaskautum, hjólabrettum, skautum, sleðum o.þ.h. eða iðka leiki, skemmtanir eða íþróttir þannig að hætta eða umferðartruflun geti hlotist af. Einnig er bannað að hanga í bifreiðum, dráttarvélum, vögnum eða öðrum farartækjum sem eru á ferð eða festa við þau sleða, handvagn eða annað sem óþægindum eða hættu getur valdið.

Lögreglustjóri getur heimilað skíða-, sleða- eða rennibrautir á vegi í alfaraleið og skulu þeir vegir sérstaklega merktir sem slíkir. Þar mega ekki aðrir fara með ökutæki en íbúar gatnanna eða menn í erindum þeirra og skal þá ýrtruðu varúðar og tillitssemi gætt.

Börn yngri en sextán ára, sem fara um á reiðhjólum, hjólabrettum, hjólaskautum, hlaupahjólum, renna sér á skíðum, sleðum, skíðabrettum o.þ.h., skulu nota hlífðarhjálma og viðeigandi hlífðarbúnað skv. 1. mgr. 79. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019.

24. gr.

Ef ís á Pollinum og tjörnum, á sjó eða vötnum er ótryggur, getur lögreglustjóri bannað alla umferð eða sett upp viðvörunarmerki.

25. gr.

Þeir sem flytja farm um götur sveitarfélagsins skulu gæta þess vandlega að ganga þannig frá farminum að ekki valdi óþrifnaði eða hættu. Nota skal yfirbreiðslur þegar farmur er það fingerður að hætta er á að hann fjúki og alltaf skal nota gafli og vör við flutning innan bæjarmarkanna. Ef eitthvað hrynur niður við flutning, feringu eða affermingu á almannafæri er stjórnanda flutningstækisins skylt að hreinsa það upp þegar í stað, að öðrum kosti er bænum heimilt að gera það á kostnað flytjanda eða þess sem ábyrgð ber á flutningi.

Jarðverktakar og byggingarverktakar (framkvæmdaaðilar eða verktakar í þeirra þjónustu) sem aka frá framkvæmdasvæði og inn á gatnakerfi bæjarins skulu gæta þess að hreinsa flutningstæki sín og hjólbarða bifreiða sinna og vinnuvéla áður en þeir fara inn á malbikaðar götur. Framkvæmdaaðilar eða verktakar á þeirra vegum skulu einnig gera ráðstafanir á aðkeyrslum framkvæmdasvæða þannig að bifreiðar, vélar og tæki beri ekki óþrif s.s. jarðveg inn á gatnakerfi bæjarins t.d. með hreinum yfirborðsefnum og/eða þvotti, að öðrum kosti er bænum heimilt að þrifa götur á kostnað framkvæmdaaðila.

Öðrum en starfsmönnum og verktökum á vegum Akureyrarbæjar er óheimilt að dreifa efni s.s. sandi, mól eða salti á götur bæjarins.

IV. KAFLI

Um veitingastaði, skemmtanahald o.fl.

26. gr.

Um leyfi til rekstrar veitingastaða, útleigu samkomusala í atvinnuskyni og leyfi til skemmtanahalds gilda ákvæði laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra.

Veitingastaði án áfengisveitinga (flokkur I) er heimilt að hafa opna allan sólarhringinn. Stafí íbúum í nágrenni slíks veitingastaðar ónæði af rekstrinum getur Akureyrarbær þó takmarkað afgreiðslutíma hans.

Áfengisveitingar á umfangslitlum áfengisveitingastöðum (flokkur II) eru heimilar frá kl. 06.00 til kl. 23.00 alla daga.

Áfengisveitingar á umfangsmiklum áfengisveitingastöðum (flokkur III) þar sem starfsemin er til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu, svo sem með háværra tónlist, og staðir sem kalla á mikið eftirlit og/eða löggæslu eru heimilar frá kl. 06.00 til kl. 01.00 virka daga og til kl. 04.00 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga með eftirfarandi undantekningum:

- A. Heimilt er að hafa veitingastaði skv. flokki III opna til kl. 06.00 aðfaranótt 1. janúar.
- B. Heimilt er hafa veitingastaði skv. flokki III opna um verslunarmannahelgi sem hér segir:
 1. Aðfaranótt föstudags til kl. 03.00,
 2. aðfaranótt laugardags og sunnudags allt að til kl. 05.00 skv. nánari ákvörðun bæjarráðs.

Á veitingastað sem leyfi hefur til áfengisveitinga er ungmennum yngri en 18 ára óheimil dvöl eftir kl. 22.00 á kvöldin og fram til lokunar staðarins nema í fylgd með foreldrum sínum, öðrum forráðamönnum, ættingjum eða maka, 18 ára eða eldri. Dyraverðir, eftirlitsmenn, framreiðslumenn og/eða aðrir sem ábyrgð bera á rekstri staðarins skulu láta ungmenni er koma á slíka staði eða dveljast þar eftir kl. 22.00 að kvöldi, án framangreindrar fylgdar, sanna aldur sinn með því að sýna skilríki með

mynd eða á annan fullnægjandi hátt enda sé ástæða til að ætla að hlutaðeigandi hafi ekki náð 18 ára aldri.

Veita má í reglugerð undanþágu frá framangreindri reglu sem tekur til ákveðinna tegunda veitingastaða og sérstakra tilefna, svo sem skóladansleikja, enda fari engar áfengisveitingar þar fram og afgreiðslutími viðkomandi veitingastaðar sé í samræmi við heimilan afgreiðslutíma samkvæmt rekstrarleyfi staðarins, nema sótt hafi verið um tímabundið leyfi. Um unglíngadansleiki gilda ákvæði 28. gr. samþykktar þessarar.

Á veitingastöðum í flokki III skulu vera dyraverðir, sem lokið hafa dyravarðanámskeiði.

Áfengisveitingastöðum skal lokað þegar heimiludum áfengisveitingatíma lýkur og má ekki opna þá að nýju að morgni dags fyrr en a.m.k. tvær klukkustundir eru liðnar frá lokun. Allir gestir skulu hafa yfirgefið áfengisveitingastað eigi síðar en einni klukkustund eftir lokun hans.

Afgreiðslu- eða þjónustutími verslana og annarra þjónustufyrirtækja er frjálts að því marki sem heimilt er að lögum er gilda á hverjum tíma eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim. Akureyrarbær getur þó takmarkað afgreiðslu- eða þjónustutíma hjá einstökum aðilum ef starfsemin veldur nágrönnum eða vegfarendum ónæði.

27. gr.

Hver sá sem rekur veitinga- eða gististað, kvikmyndahús, leikhús eða annað samkomuhús eða heldur almenna skemmtun eða sýningu, skal sjá um að allt fari þar vel fram og starfsemin valdi ekki nágrönnum eða vegfarendum ónæði.

Slík starfsemi skal háð sérstöku eftirliti lögreglu og er henni heimilt að fara um samkomusali og önnur húsakynni sem gestir eiga aðgang að.

Sá sem rekur framangreinda starfsemi skal þrifa glerbrot og annað rusl sem safnast fyrir utan staðinn, á opnunartíma og eftir lokun.

Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.

28. gr.

Um tímabundið leyfi til unglíngadansleiks skal sækja til sýslumanns, að fenginni umsögn sveitarstjórnar og lögreglustjóra. Ákvæði þetta á ekki við ef dansleikur er haldinn af stjórnendum skóla, innan veggja skólans.

Um dansleiki fyrir ungmenni á aldrinum 14-17 ára (miðað er við fæðingarár en ekki fæðingardag) gilda svofelldar reglur:

- A. Dansleiki skal miða við útivistartíma barna og ungmenna samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra.
- B. Auk þess skal setja eftirfarandi skilyrði fyrir unglíngadansleikjum:
 1. Dansleikir skuli vera áfengis- og vímuefnalausar skemmtanir.
 2. Setja skal efri og neðri aldursmörk á dansleiki.
 3. Ströng dyravarsla verði og auglýst að framvísa verði skilríkjum við innganginn. Dyraverðir skulu hafa tilskilin réttindi.
 4. Skemmtikraftar og dansleikjahaldarar mega ekki vera undir áhrifum áfengis- og vímuefna.
 5. Innihald skemmtana sem boðið er upp á skal hæfa aldri og þroska barnanna.
 6. Fulltrúar foreldrafélaga fái í eftirlitsskyni frían aðgang að dansleikjum.
 7. Dansleiki verður að auglýsa í bæjarmiðlum, auglýsingar í samfélagsmiðlum s.s. Facebook duga ekki einar og sér.
 8. Í auglýsingum í bæjarmiðlum verður að taka sérstaklega fram skilyrði að fulltrúar foreldrafélaga fái frían aðgang í eftirlitsskyni.
 9. Ef unglíngadansleikur er haldinn á vínveitingastað skuli áfengisbarir vera lokaðir og breitt verði yfir bjórdælur og áfengisauglýsingar, þannig að þær sjáist ekki.

Enginn má reka leiktækjastað eða þess háttar starfsemi gegn gjaldi nema með leyfi lögreglustjóra að fenginni umsögn sveitarstjórnar. Leyfi skal ekki veita til lengri tíma en fjögurra ára í senn. Það skal bundið við nafn leyfishafa og rekstur á tilteknum stað. Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum greinar þessarar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu enda hafi leyfishafi ekki sinnt áminningu um úrbætur.

Börnum yngri en 14 ára er ekki heimill aðgangur að slíkum leiktækjastöðum nema í fylgd með forráðamönnum. Miða skal aldur við fæðingarár en ekki fæðingardag.

V. KAFLI

Um götuspjöld og húsnúmer.

29. gr.

Akureyrarbær annast nafngiftir á byggingar, hverfi og götur bæjarins samkvæmt reglugerð um skráningu staðfanga, nr. 557/2017 með síðari breytingum og lætur festa upp skilti með þeim upp-lýsingum, þar sem þurfa þykir, svo sem við gatnamót og á fasteignir.

Húseigendur skulu merkja hús sín með húsnúmeri og eftir atvikum bókstöfum, á götuhlið eða öðrum áberandi stað, vegfarendum og þjónustuaðilum til glöggvunar.

VI. KAFLI

Um útivistartíma barna og ungmenna.

30. gr.

Um útivistartíma barna og ungmenna gilda ákvæði barnaverndarlaga og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna um tvær klukkustundir.

Aldursmörk þessa ákvæðis miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag.

VII. KAFLI

Um búfjárhald, hunda- og kattahald og dýravernd.

31. gr.

Búfjárhald í lögsagnarumdæmi Akureyrarbæjar er bannað nema þar sem fyrir liggja sérstakar samþykktir sem heimila búfjárhald á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, í beitarhólfum og í skipulagi. Um hunda- og kattahald gilda samþykkt um hundahald á Akureyri og samþykkt um kattahald á Akureyri.

Um lausagöngu búfjár fer samkvæmt vegalögum, nr. 80/2007 og lögum um búfjárhald, nr. 38/2013 o.fl.

Umferð reiðhesta er bönnuð innan Akureyrarbæjar annars staðar en í deiliskipulögðum hesthúsa-hverfum í Breiðholti og Hlíðarholti og á merktum reiðstígum nema með sérstöku leyfi eða samþykkt Akureyrarbæjar.

Rekstur hrossa (sleppitúrar) er einungis heimilaður í bæjarlandinu samkvæmt sérstökum reglum sem Hestamannafélagið Léttir setur með samþykki Akureyrarbæjar. Reglurnar skal auglýsa sérstaklega. Enginn má raska friði fugla á fuglatjörnum í bænum eða annars staðar í lögsagnarumdæminu.

Óheimilt er að áreita dýr eða raska friði þeirra, svo hættu eða ónæði geti valdið. Ákvæði þetta á ekki við um meindýr, varg o.fl. er sérákvæði gilda um. Að öðru leyti vísast til ákvæða laga um velferð dýra, nr. 55/2013, og laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

VIII. KAFLI

Um refsingar, kostnað, gildistöku o.fl.

32. gr.

Ef einhver lætur það ógert sem honum er skylt að gera samkvæmt samþykkt þessari getur lögreglustjóri látið framkvæma það eða gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður sem leiðir af framkvæmdum og ráðstöfunum lögreglustjóra og Akureyrarbæjar greiðist af þeim er ábyrgð ber á vanrækslunni.

33. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, sbr. 6. gr. laga nr. 36/1988 um lögreglusamþykktir, nema þyngri refsing liggir við samkvæmt öðrum lögum eða reglugerðum.

Mál sem varða brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skal fara með að hætti laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

34. gr.

Lögreglusamþykkt þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 36/1988 um lögreglusamþykktir með síðari breytingum og reglugerð um lögreglusamþykktir, nr. 1127/2007, staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Jafnframt er numin úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 588/2009, með áorðnum breytingum.

Dómsmálaráðuneytinu, 7. maí 2021.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.

Haukur Guðmundsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 18. júní 2021